

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-49/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 21. maí sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á bifreið, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi geri úrbætur á bifreiðinni.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 23. maí sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 6. júní. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 21. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og göngum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 16. október 2012 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 360.000. Var bifreiðin af gerðinni Renault Clio, árgerði 2003, fyrst skráð 31. október 2003 og hafði við kaupin verið ekið 101.000 km. Álitsbeiðandi rekur að við kaupin hafi verið gerð grein fyrir biluðum rafmagnsrúðum í framhurðum og eftirfarandi tekið orðrétt fram í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni: „Seljandi lagar bilun í báðum rafmagnsrúðum“. Segir álitsbeiðandi að engin fjárhæð hafi verið tekin fram til viðmiðunar vegna úrbótanna. Nokkrum vikum eftir kaupin var bifreiðin kölluð inn til viðgerðar þar sem varahlutur hafði verið pantaður til að lagfæra rafmagnsrúðurnar. Í ljós kom að varahluturinn var gagnslaus þar sem bilunin reyndist af öðrum og dýrari ástæðum. Áætlun seljanda um að eyða kr. 30.000 í að gera við hvora rúðu hefði því ekki staðist og raunar liti út fyrir að kostnaður við viðgerðina verði kr. 80.000 á hvora rúðu. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi leitað til þess aðila sem átti bifreiðina á undan honum með því markmiði að sá aðili tæki þátt í kostnaði við viðgerðina, en án árangurs. Síðan hafi liðið fjórir mánuðir án þess að gert hafi verið við rúðurnar. Að þeim tíma loknum hafi álitsbeiðandi fengið FÍB til að hafa milligöngu í málinu. Í kjölfarið mun seljandi hafi boðið álitsbeiðanda að gera við aðra rúðuna, en álitsbeiðandi segist ekki hafa getað sætt sig við það. Þá segir álitsbeiðandi að seljandi hafi boðið að kaupin gengju til baka, þ.e. að seljandi fengi bifreiðina aftur, en greiddi álitsbeiðanda þess í stað kr. 250.000. Þessu segist álitsbeiðandi einnig hafa hafnað og tekur fram að hún hafi þegar eytt kr. 85.000 í viðgerðir á bifreiðinni, sem séu ótengdar rafmagnsrúðunum.

Álitsbeiðandi gerir þá aðallega kröfu að seljandi geri við rafmagnsrúður bifreiðarinnar, en til vara að kaupin gangi til baka á upphaflegu verði.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 16. október 2012 fyrir kr. 360.000. Bifreiðin er árgerð 2003 og fyrsti skráningardagur hennar 31. október 2003. Bifreiðin var því um 9 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 101.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Álitsbeiðni í þessu máli verður að skilja sem svo að álitsbeiðandi telji að sá galli hafi verið á söluhlutnum, þ.e. bifreiðinni, að ekki hafi verið gert við rafmagnsrúður hennar, eins og í kaupsamningi sé kveðið á um, en í samningnum segir orðrétt: „Seljandi lagar bilun í báðum rafmagnsrúðum“. Sú viðgerð hefur ekki farið fram.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 16. október 2012, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við“. Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Sem fyrr segir kemur fram í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni að seljandi muni laga bilun í báðum rafmagnsrúðum bifreiðarinnar. Enginn fyrirvari er á yfirlýsingu seljanda hvað þetta varðar. Seljanda bar því að láta framkvæmda viðgerð þessa innan hæfilegs tíma frá því að kaupin fóru fram. Það er því álit kæruneftndarinnar að bifreiðin hafi verið haldin galla að þessu leyti í skilningi 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup og að úr þeim galla sé seljanda skylt að bæta með því að láta framkvæma viðgerð á rafmagnsrúðum bifreiðarinnar, álitsbeiðanda að kostnaðarlausu. Að öðrum kosti ber seljanda að greiða álitsbeiðanda fjárhæð sem svarar til kostnaðar við viðgerðina.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, er skylt að láta framkvæma viðgerð á rafmagnsrúðum bifreiðarinnar xx-000 eða að öðrum kosti að greiða álitsbeiðanda, X, fjárhæð sem svarar til kostnaðar við slíka viðgerð.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir